



33. stjórnarfundur LH
3. október 2022 kl. 15:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Stefán Logi Haraldsson, Einar Gíslason, Sóley Margeirsdóttir, Gréta V. Guðmundsdóttir, Hákon Hákonarson, og Siguroddur Pétursson úr aðalstjórn. Aníta Aradóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Forföll boðaði: Lilja Reynisdóttir, úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Einnig mættur: Hinrik Þór Sigurðsson verkefnastjóri

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 32. fundar
2. Tillaga til þingsályktunar um skattlega hvata vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks, 133. mál – beiðni um umsögn
Fyrir Alþingi liggur tillaga um að þegar keppnis- og afreksíþróttafólk fá greidd laun að hluta eða að fullu frá launagreiðanda þegar það þarf að mæta á æfingar eða íþróttamót fái launagreiðandi skattaívilnun á móti greiddum launum. Óskað er umsagnar eigi síðar 13. október.
Afgreiðsla: Samþykkt að senda umsögn þar sem jákvætt er tekið í tillögunu.
3. Umferðarlög – drög að frumvarpi í samráðsgátt stjórnvalda
Í drögum að frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum eru reiðstígar skilgreindir svo að um þá sé heimil umferð gangandi vegfarenda, auk reiðmanna.
„31. tölul. orðast svo: Reiðstígur: Vegur eða stígur skipulagður af sveitarfélagi fyrir umferð reiðmanna á hestum og merktur er sem slíkur, þar sem heimil er umferð reiðmanna og gangandi vegfarenda. Reiðstígar eru skilgreindir svo að um þá sé heimil umferð gangandi vegfarenda, auk reiðmanna.“
Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra og formanni reiðveganefndar falið að skila um umsögn f.h. LH og reiðveganefndar LH þar sem fyrirhuguðum breytingum á skilgreiningu reiðvega er mótmælt harðlega.
4. Erindi frá Hestamannafélaginu Þráni, beiðni um afslátt af árgjöldum til LH
Hestamannafélagið Þráinn óskar eftir afslátt af aðildargjöldum til LH á þeim forsendum að félagið ráði ekki við þennan kostnað, ella muni félagið sækja um úrsögn úr LH eftir næsta aðalfund.
Afgreiðsla: Stjórn hefur ekki heimild til að gefa afslátt af árgjöldum. Framkvæmdastjóra falið að svara erindi Þráins.
5. Öruggt umhverfi í hestaíþróttum
 - a. Öruggt umhverfi í hestaíþróttum er svæði sem lagt er til að verði sett upp á vefsíðu LH. Þar verði að finna fræðslu og upplýsingar um hvernig skuli bregðast við málum er upp koma innan hreyfingarinnar er varða ofbeldi og einelti.



b. Einnig er lagt til að stofnað verði trúnaðarráð LH sem hefur það hlutverk að taka á móti tilkynningum um slík mál og koma þeim í farveg til úrlausnar.

c. Siðareglur LH – samhliða ofangreindu verði samþykktar siðarlegur LH.

Afgreiðsla: Verkefnastjóra falið að vinna málið áfram. Stefnt á að kynna á landsþingi.

6. Umsóknir hestamannafélaga um mótadaga

Lagt er til að tekið verði upp það verklag að hestamannafélögin sækji um mótadaga löglegra móta til LH til að hægt sé að samræma mótahaldið betur og tryggja skynsamlega dreifingu móta. Frestur til að sækja um mótadaga verði 1. desember.

Afgreiðsla: Samþykkt að auglýsa umsóknir um mótadagsetningar.

7. Samræming kostnaðar við dómgæslu á mótum – tillaga um breytt verklag

Samhliða umsókn um mótadaga sækja félögin um dómara til LH sem framvísar umsókn um dómara til dómarafélaganna. Greiðsla til dómara fer í gegnum LH, sem rukkar félögin og greiðir dómurum. Þannig verður hægt að samræma verklag við uppgjör við dómara, jafna ferðakostnað og tryggja að öll félög sitji við sama borð þegar kemur að mótahaldi.

Afgreiðsla: Breytt verklag verður kynnt fyrir dómarafélögum á fundi í næstu viku. Einnig kynnt á landsþingi.

8. Landsþing

a. Dagskrármál – Málið rætt

b. Tillögur stjórnar fyrir þing – Málið rætt

c. Heiðursgestur/gestir sem ávarpa þingið – GH hefur samband við íþróttamálaráðherra, SP hefur samband við forseta FEIF.

d. Umgjörð og þingslitafagnaður – Málið rætt

e. Kjörnefnd – Þórður Ingólfsson, Atli Már Ingólfsson, María Júlía Rúnarsdóttir

f. Þingforsetar – Valdimar Leó Friðriksson og Grétar D. Pálsson

g. Þingritari – Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Írisi Huld Sigurbjörnsdóttur

9. Önnur mál

a. Uppskeruhátíð 2022 – Verður haldin í Gullhömrum 11. nóvember

b. Auglýsa jöfnunarstyrk dómarakostnaðar 2022

c. Umsóknir um Íslandsmót 2023 – ein umsókn barst um Íslandsmót barna og unglunga.

Fundi slitið kl. 17:37